

GYLLINÆÐ Á MEÐGÖNGU

Gyllinæð og óþægindi af henni er algengur kvilli á meðgöngu.

Rétt er að skoða konuna til að staðfesta greiningu og hafa í huga mismunagreiningar svo sem sprungur eða sveppasýkingu við endaparm. Ef blæðir frá endarmi er æskilegt að ráðfæra sig við heimilislækni.

MEÐFERÐ

Lyfjameðferð við gyllinæð er ekki alltaf nauðsynleg, þótt greining liggi fyrir, ef einkennin eru þolanleg. Sjaldan er þörf á lyfjum á fyrsta trimestri.

Mikilvægt er að gefa ráð til að koma í veg fyrir hægðatregðu og kælandi meðferð, t.d. ísbakstrar geta linað óþægindi. Notaða má gel og krem til að deyfa staðbundið, s.s. Xylocain.

Tvö lyf við gyllinæð eru fáanleg hérlandis: Proctosedyl® (hydrocortison, cincocain og fleira) sem er lausasölu lyf og Doloproct® (lidocain og fluocortolon) sem er lyfseðilsskyt. Mælt er með Proctosedyl sem fyrsta lyfi og Doloproct í erfiðari tilvikum, því það er með sterkari stera en Proctosedyl. Sé Doloproct notað, ætti það að vera í stuttan tíma í einu svo síður verði vart aukaverkana (húðþynningar með kláða og viðbótaróþægindum).

Einstaka sinnum getur gyllinæð bólgnað vegna blóðstorku. Þessu fylgja miklir verkir og þörf getur verið á minniháttar skurðaðgerð.

Gyllinæð veldur ekki sérstökum vandamálum í fæðingu og er því ekki ábending fyrir keisara.